



Skýrsla Vinnís fyrir starfsárið 2009-2010

Tólfti ársfundur Vinnuvistfræðifélagsins var haldinn þann 28. apríl 2009 hjá Verkís að Ármúla 4, Rykjavík. Dóra Hjálmarsdóttir, verkfræðingur og Unnur Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur, Verkís kynntu fyrirtækið, helstu verkefni og áherslur. Síðan hófst aðalfundur félagsins. Ársfundur félagsins 2010 verður haldinn þann 29. apríl nk. hjá Actavis, Dalvegi 1, 5.hæð, 220 Hafnarfirði.

Stjórn Vinnís starfsárið apríl 2009-apríl 2010

Valdís Brá Þorsteinsdóttir, formaður (kosin til eins árs)
Þorgeir Jónsson, varaformaður, (kosinn til tveggja ára, 2009-2011)
Tómas Davíð Þorsteinsson, gjaldkeri (kosinn til tveggja ára 2009-2011),
O.Lilja Birgisdóttir, ritari (stjórnarseta 2008-2010)
Alda Ásgeirsdóttir meðstjórnandi, (kosin til tveggja ára 2009-2011)

Varamenn

Anna Dagný Smith
Unnur Jónsdóttir

Skoðunarmenn

Björn Pálsson
Auður Ólafsdóttir

Félagaskrá

Í félagaskrá í lok árs 2009 voru skráðir 101 félagar, þar af voru 84 einstaklingar og 17 fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök.

Árgjaldið

Árgjaldið er kr. 2.200.- fyrir einstaklinga og kr. 16.500.-fyrir fyrirtæki og félagasamtök.

Stjórnarfundir

Stjórnarfundir voru að meðaltali einu sinni í mánuði eða ca. tólf á starfsárinu en fastir fundir voru fyrsta fimmtudag í mánuði.

Megináherslur á starfsárinu hafa tengst:

1. Stofnun áhugahóps um vinnuvistfræði í skólum og málþing tengt því.
2. Endurnýjun heimasíðu og vinnudagur tengdur þeirri vinnu.
3. Morgunverðarfundur haldinn hjá HR og kynning á NES
4. Markaðssetning félagsins og hvernig auka má þátttöku í félaginu, bæði með nýjum meðlimum en einnig að virkja núverandi féлага.

Erlent samstarf

Nordiska Ergonomi Sällskapet (NES).

Fertugastaogfyrsta ráðstefna NES, NES2009 var haldin á í Danmörku í júní 2009.

Fulltrúar Vinnís í NES eru Valdís Brá Þorsteinsdóttir og Lilja Birgisdóttir, en Alda Ásgeirsdóttir er varamaður. Þórunn Sveinsdóttir og Svava Jónsdóttir létu af störfum sínum sem formaður og ritari NES en Norðmenn hafa tekið við þeim hlutverkum. Haldnir hafa verið þrír símafundir, aðalfundur í Danmörku og vorfundur í Oslo, Noregi. Alda fór á vorfundinn í stað Lilju.

Að lokum

Stjórn Vinnís þakkar öllum þeim sem hafa tekið þátt í félagsstarfi starfsársins 2009-2010 og hvetur félagsmenn til að taka virkan þátt í áhugahópum VINNÍS og öðru starfi sem er í gangi hverju sinni. Virkir félagsmenn auka virkni félagsins í heild og efla og styrkja vinnuvistfræði á Islandi.

Reykjavík
Stjórn Vinnís